

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 26.05 2020**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík.

**Mætt:** Heimir Brynjúlfur Jóhannsson, Haukur Már Haraldsson, Katrín Jónsdóttir og Svanur Jóhannesson. **Forföll:** Hjörtur Guðnason, Sófus Guðjónsson og Þorsteinn Veturliðason.

Heimir formaður setti stjórnarfund og sá um fundarstjórn.

### **Dagskrá fundar:**

1. Aðalfundur og næsta stjórn.
2. Önnur mál.

#### **1. Aðalfundur og næsta stjórn.**

Rætt var um skipulag aðalfundar, reglur, stjórnarsetu og líklega nýja menn í stjórn. Það eru hugmyndir um að kosin verði 7 man stjórn og framkvæmdarstjórn fyrir Gömlu prentsmiðjuna á Laugarvegi.

Svanur kom með tilbúna tillögu að hækkun félagsgjalda sem leggja á fyrir aðalfund. Farið var yfir reikninga og athugasemdir frá endurskoðenda. Reikningar voru samþykktir og skrifað var undir.

Búið er að semja við Sæmund Árnason um að vera fundarstjóri á aðalfundi og lagt var til að hafa yrði samband við Þóru Elfu Björnsson til að rita aðalfund, það var samþykkt.

#### **2. Önnur mál**

- a) Kvenfélagið Edda, Heimir vill taka saman starf þess félags og koma þeim á blað, nauðsynlegt er að varðveita þessa sögu. Lagt var til að skorað verði á Grafíu að saga þessa félags verði skráð, það var samþykkt.
- b) Við erum komin í óþökk hjá Rsk. vegna skráningu á raunverulegum eigendum PSS. Sökum Covid-19 dróst þetta á langinn. Heimir ætlar að koma pappírurum á staðinn og ganga frá þessu máli.

Fundi slitið.